

## Skólaráð Naustaskóla

3. fundur ársins. fundur ársins 2021 þann 11. mars kl. 8:10

### Mættir:

Skólastjórnendur: Bryndís Björnsdóttir, Aðalheiður Skúladóttir

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Anna Rósa, Rósa María, Fanney

Fulltrúar starfsmanna: Arna Ýr Guðmundsdóttir, Inga Vala Stefánsdóttir Kolbrún Sigurgeirsdóttir.

Fulltrúar nemenda: Jónatuna Hugi Heimisson og Mikael Máni Þórarinsson.

### Dagskrá og afgreiðslur:

- 1. Skóladagatal.** Skóladagatali fyrir skólaárið 2021-2022 var kynnt fyrir fundarmönnum. Borið var sérstaklega undir foreldra hvort best væri að staðsetja starfsdaga í kringum helgar og frídaga. Foreldrum finnst betra að starfsdagar renni saman við helgar eða frídaga. Kennarar benda hinsvegar á að þá falli oftast niður sömu dagar yfir skólaárið. Ákveðið var að hafa einn starfsdag stakann en hina í tenglum helgar eða frídaga.  
**Foeldrar óska eftir því að svokallaðir lita dagar sem settir hafa verið inn í skóladagatalið verði teknir út.** Uppjaflega var það gert til að búa til tilbreytingu í skólalífið og samræma við dagatal Naustatjarnar sem hefur þessa daga á sínu skóladagatali. Að mati foreldra veldur þetta oft streitu inn á heimilin og áþarfa álagi. Foreldrar benda á að auðveldara sé að hafa náttfatadaga eða slæman hárdag. Ákveðið var að takak þessa daga af skóladagatalinu. Einnig var rætt um að hafa frjálst nesti yfir skólann ekki í einstaka bekkjum og var það einnig samþykkt.  
**Að umræðu lokinni var skóladagatal borið fram til atkvæða og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.**
- 2. Foreldraviðtöl:** Foreldrar ræddu um hvort möguleiki væri að hafa foreldraviðtöl rafræn eða bjóða upp á þann möguleika. Þetta verður tekið til athugunar með kennurum. Spurning hvort annað geti verið rafrænt og hitt á staðnum. Bryndís fylgja þessu eftir og bera undir á kennarafundi. Síðan verður þetta málefni tekið fyrir á skólaráðsfundi að nýju næsta haust.
- 3. Árshátíð Naustaskóla – veitingasala:** Rætt um hvort möguleiki sé á kaffisölu, og voru foreldrar sammála um að nauðsynlegt sé að gefa þeim færi á fjáröflun og því verður farið í það að ákveða hvað er best, skúffukaka, snúðar eða vöfflur sem afhent veður á disk til kaupenda til að koma í veg fyrir snertingu. Þegar nær dregur árshátíð verður þetta tekið til skoðunar og metið hvort að það verði framkævmanlegt m.a. vegna sóttvarna.
- 4. Ný menntastefna Akureyrarbæjar.** ný menntastefnu kynnt fyrir foreldrum. Kynning á hlutverki gæðaráðs í innra mati skólans. morgninum og ljúka seinna að deginum. Þetta er hugmynd sem verður skoðuð vel fyrir haustið 2012. Næsti fundur er áætlaður í apríl hér í Naustaskóla ef aðstæður í samfélaginu leyfa eða á Teams..

Fleira ekki tekið fyrir, Aðalheiður Skúladóttir ritaði fundargerð